



KAUPFÉLAG SUÐURNESJA

Samvinna ♦ Traust ♦ Samfélagsleg ábyrgð



Stjórn Kaupfélags Suðurnesja kom nýlega saman á fund í húsakynnum KSK þar sem meðal annars var rætt um undirbúning vegna viðburða í tilefni 70 ára afmælis félagsins. Frá vinstri á myndinni eru: Sólveig Einarsdóttir, Eysteinn Eyjólfsen, Gerður Pétursdóttir, Jóngeir H. Hlinason, Jóhann Geirdal, Skúli Skúlason, Guðbjörg Ingimundardóttir og Sigurbjörn Gunnarsson.



Annáll

Árið 2005

KSK styrkir á árinu Félag alzheimer-sjúklinga um 1 milljón króna, Þroska-hjálpi á Suðurnesjum um 1 milljón og Krabbameinsfélag Suðurnesja um 500 þúsund.

Mikið verðstríð hófst á matvöru-markaði fyrri hluta árs og stóð fram yfir mitt næsta ár.

Árið 2006



Guðjón Stefánsson

Vönduð sextíu ára saga Kaupfélags Suðurnesja í máli og myndum kom út á árinu. Guðjón Stefánsson lét



Sturla G. Eðvarðsson

af störfum sem framkvæmdastjóri Samkaupa en Sturla G. Eðvarðsson tók við. Guðjón hélt áfram sem kaupfélagsstjóri. Fjórar stöðir voru á þessum tíma undir rekstri KSK: eignarhluti í Sparisjóðnum í Keflavík, meirihlutaeign í Samkaupum, 35% hlutur í Lyfju og meirihlutaeign í fasteignafélaginu Urtusteinu. Samkaup keyptu rekstur verslana á Laugarvatni og í Þórshöfn á Langanesi og verslanir undir merkjum Strax voru opnaðar á þessum stöðum. Rekstri Kaskó verslunar á Akranesi var hætt. KSK styður við ýmis samfélagsverkefni á árinu t.d. uppsetning á Samvinnusafni á Húsavík að upphæð kr. 2 milljónir.

Árið 2007

Samkaup bæta við sig verslunum á eftirtöldum stöðum: Búðakór í Kópavogi, Laugarvatni, og Ásbrú í Reykjanesbæ. Keyptur var rekstur verslunarinnar Hólmgarðs í Keflavík og Krambúðarinnar við Skólavörðustíg í Reykjavík. Rekstur fyrirm vöruhúss KSK á Höfn í Hornafirði var keyptur og Nettó verslun opnuð þar. Hlutur Kaupáss í innkaupafyrirtækinu Búri keyptur en Samkaup og Kaupás höfðu átt jafna hluti í félaginu. Samkaup



Skúli Skúlason:

Kaupfélag Suðurnesja vill vera hreyfiafl framfara

Kaupfélag Suðurnesja á rætur að rekja til öflugs verkalyðsstarfs hér suður með sjó og varð snemma ein meginstoð atvinnulífs á Suðurnesjum. Sextugsafmælis félagsins var minnst með veglegum hætti í Faxa haustið 2005 og það er okkur óblandin ánægja að fjalla í þessu blaði um þann áratug sem síðan er liðinn í lífi og starfi félagsins. Margt hefur gerst á þessum tíma. Samkaup hf sem er dótturfélag Kaupfélagsins hefur teygt anga sína um allt land og aldrei staðið traustari fótum en nú á þessum tímamótum þegar sjöttíu ár eru liðið frá stofnun Kaupfélags Suðurnesja, 13. ágúst 1945.

Við hittum Skúla nýlega að máli og báðum hann að segja lesendum Faxa frá því helsta sem framundan er í starfi félagsins.

Þrjár meginstoðir

„Af ýmsu er að taka,“ segir Skúli, „en það sem stendur upp úr varðandi framtíðaráformin tengist ákvörðun sem við tókum fyrri hluta árs 2012 um að fara í umfangsmikla stefnumótun í starfi kaupfélagsins. Þetta ár, 2012, völdu t.d. Sameinuðu þjóðirnar sem alþjóðlegt ár samvinnuhreyfinga í heiminum. KSK er samvinnufélag á neytendasviði. Við vildum kryfja til mergjar tilgang og hlutverk félagsins til framtíðar. Við teljum grundvöll vera fyrir áframhaldandi uppbyggingu samvinnu-starfs og félagsverslunar á Íslandi og viljum vinna með ráðum og dád að slíkri uppbyggingu. Þegar

línurnar voru lagðar í þessum málum fengum við í lið með okkur ágæta Keflvíkings Guðfinnu Bjarnadóttur, fyrrum alþingiskonu og rektor Háskólans í Reykjavík, og mann hennar Vilhjálm Kristjánsson. Niðurstaðan varð sú að grunnildi félagsins til framtíðar byggja á þremur meginstoðum: samvinnu, trausti og samfélagslegri ábyrgð. Hlutverk KSK verður að þjónusta félagsmenn sína, vera öflugur bakhjarl dótturfélögum sínum og til fyrirmyndar um samfélagslega ábyrgð. Við viljum ekki aðeins vera öflugt og traust félag heldur líka taka virkan þátt í að bæta samfélagið og skara fram úr hvað varðar stjórnsýslu, gegnsæi og árangur. Þessi stefna er núna í fullu gildi og við vinnum í einu og öllu samkvæmt henni.“

Bakhjarl mannlífs og menningar

Og Skúli heldur áfram:

„Áhrif aukinnar samvinnu og skilnings á mikilvægi samstarfs til að hámarka árangur hafa verið að aukast. Þetta sjáum við meðal annars í klasamyndun í sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Þetta er samvinnustarf með öðrum formerkjum. Þarna eru aðilar innan sömu hagsmunahópa að taka saman höndum með ákveðnum skilgreindum hætti til að hámarka árangur og nýtingu verðmæta. Þetta er ein grunnstoð samvinnu-starfs. Það er ánægjulegt að sjá árangurinn af því og fullvissar okkur um að eftirspurn sé eftir



Hornafjörður - Nettó

samvinnu. Við gætum þess vegna kallað þetta samvinnu kapitalisma.

Við verðum varir við væntingar og þörf fyrir þátttöku okkar í samfélagsstarfinu, ekki síst vegna þess að hér voru ýmsir bakhjarlar þessa starfs sem ýmissa hluta vegna hafa horfið af svæðinu. Kaupfélag Suðurnesja er, og vill áfram vera, einn af bakhjörum mannlífs og menningar á Suðurnesjum og einn þáttur í þeirri viðleitni að vera hreyfiafl til framfara. Við höfum gengist fyrir og tekið þátt í fundaröðum þar sem m.a. er lögð áhersla á hvað þarf til að fyrirtæki geti kallast fyrirmyndarfyrtæki. Við héldum fund með áherslu á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og um frumkvöðlastarf þar sem frumkvöðlar hér á Suðurnesjum skýrðu frá sínum störfum. Þá gengumst við fyrir 180 manna ráðstefnu um líkamsfrelsi þar sem áherslan er á virðingu fyrir okkar eigin líkama. Þar var m.a. horft til ungu kynslóðarinnar því að ein þeirra brýnu áskoranna sem blasir við okkur er að höfða til hennar



Skúli Skúlason er fæddur 1956. Skúli útskrifaðist sem kennari frá KHÍ 1981 og síðan í viðskipta- og rekstrarfræði og mannauðsstjórnun frá Endurmenntunardeild HÍ. Skúli er formaður Kaupfélags Suðurnesja og framkvæmdastjóri Urtusteins ehf fasteignafélags. Skúli hóf störf hjá KSK 1985 og starfaði lengst af sem starfsmannastjóri og fulltrúi kaupfélagsstjóra KSK og síðan Samkaupa. Hann starfaði hjá Norðuráli 2007-2011. Skúli hefur viðtæka reynslu í stjórnunarstörfum. Hann hefur verið í forystu íþróttahreyfingarinnar á Suðurnesjum, í forystu í sveitarstjórnarmálum og stjórnnum fyrirtækja.

og eiga með henni samleið. Okkur leikur hugur á að breyta ríkjandi viðhorfum til neikvæðra staðalímunda og styðjum þá vitundarvakningu sem felst í því að efla jákvæða líkamsímynd, krafta og hæfileika ungs fólks, m.a. í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Allt eru þetta málefni sem stuðla að umræðum og er ein leið okkar til að vera hreyfiafl í samfélaginu. Við leggjum áherslu á að vera fyrirmynd, m.a. með því að tryggja að stjórnsýsla í móðurfélagi og dótturfélögum standist alla skoðun og séu til fyrirmyndar í stefnumörkun og almennri stjórnsýslu. Við setjum okkur siðareglur, arðsemis-stefnu, starfsmannastefnu svo eitthvað sé nefnt og leggjum okkur fram um að taka leiðsögn bestu ráðgjafa um góða stjórnsýslu.

Glóruslaus sóun matvæla

Góð umgengni um verðmæti jarðar og að huga að sóun er áskorun okkar allra. Áætlað er að allt að þriðjungu matvæla sé sóað og að teknu tilliti til þess að um 80% af vatnsnotkun mannsins á



Gunnar Sveinsson

varð þar með stærsti eigandi Búrs með ríflega 90% hlutafjár. KSK og Gunnar Sveinsson, f.v.

kaupfélags-

sjóri KSK, stofna styrktarsjóð fyrir nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Félagið lagði kr. 5 milljónir í sjóðinn, Gunnar sjálfur lagði 5 milljónir í sjóðinn. Gunnari var fyrsti formaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

KSK færir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að gjöf sneiðmyndaðaki að verðmæti 30 milljónir. Þá leggur félagið 10 milljónir til stuðnings stofnunar Keilis háskóla á flugvallarsvæðinu.

Árið 2008

Nettó verslun við Hverafold í Reykjavík var opnuð í byrjun október. Við hrún bankakefisins haustið 2008 varð mikil óvissa í öllum fyrirtækjarekstri á Íslandi. Samkaup komu þó skárr út úr hrunun en mörg önnur fyrirtæki m.a. vegna lítillar skuldsetningar félagsins. KSK beið verulegt fjárhagstjón í hrunun.

Árið 2009



Ómar Valdimarsson

Verslunarrekstur Kaupfélags Héraðsbúa á Austurlandi var keyptur í upphafi árs auk

allra fasteigna sem þeim rekstri fylgdu. Tvær verslanir voru opnaðar undir merkjum Úrvalls og fimm undir merkjum Strax. Þessar verslanir voru á Borgarfirði Eystra, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Fáskrúðfirði, Djúpavogi og á Egilsstöðum. Þetta var stærsta einstaka skrefið í stækkun Samkaupa frá árinu 2004. Á haustmánuðum var Kaskó versluninni við Vesturberg í Reykjavík lokað.

Sturla G. Eðvarðsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri Samkaupa í lok júlí og við starfinu tók Ómar Valdimarsson.

Guðjón Stefánsson lét af störfum sem kaupfélagsstjóri í lok árs. Guðjón



Stjórn Kaupfélags Suðurnesja sendir félagsmönnum sínum bestu kveðjur og árnáðaróskir í tilefni af 70 ára afmæli félagsins.



Samvinna ♦ Traust ♦ Samfélagsleg ábyrgð



hefur starfað í 50 ár hjá félaginu, fyrst 1957 þá 13 ára gamall sem sendill. Hann vann flest störf hjá félaginu á farsælum starfsferli sínum.

Árið 2010

Úrvals verslanir á Egilsstöðum og í Borgarnesi endurnýjaðar og opnaðar aftur undir merkjum Nettó. Samstæða KSK er með tapi í árslok og skuldir talsverðar eftir efnahagshrunið. Viðræður standa yfir við viðskiptabankana. Stærsta hluta tapsins má rekja til virðisryrnunar eigna félagsins og stökkbreytinga á skuldum vegna áhrifa gengisfalls og verðbólgu.

Árið 2011



Jón Sigurðsson



Magnús Haraldsson

Strax verslun á Ásbrú var lokað. Skúli Skúlason tók við framkvæmdastjórn Urtusteins. Skúli kom jafnframt inn í stjórn KSK á næsta aðalfundi. Skúli tók við af Magnúsi Haraldssyni í stjórn KSK og síðan af Jóni Sigurðssyni sem stjórnarformaður í Samkaupum eftir aðalfundi félaganna. Stjórn samþykkir á árinu nýtt erindisbréf fyrir formann. Eitt af verkefnum er framtíðar stefnumótun KSK. KSK og dótturfélög skapa 165 störf á Suðurnesjum á árinu.

Árið 2012

Nettó verslun var opnuð á Selfossi og voru Samkaup þá með tvær verslanir þar, Nettó og Úrval. Í lok árs tók N1 yfir rekstur Hyrnunnar í Borgarnesi. Fjárhaglegri endurskipulagningu KSK og Urtusteins ehf lauk á árinu, samið hefur verið við viðskiptabanka



Nettó á Selfossi



jörðinni tengist matvælaframleiðslu sjáum við að soun matvæla er alveg glórulaus. Ég tel að aðilar vinnumarkaðarins og neytendur þurfi að einbeita sér betur að þessum þætti. Matvæli eru t.d. að mestu vel hæf til neyslu eftir síðasta söludag að því gefnu að þau hafi verið rétt meðhöndluð við þökkun, dreifingu og geymslu.

Samkaup hefur alltaf skilað hagnaði

KSK og dótturfélögin hafa í gegnum tíðina lagt talsvert af mörkum til ýmissa verkefna í samfélaginu. KSK lagði t.d. á sínum tíma 30 milljón króna sneiðmyndaðaki til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, 10 milljón króna framlag til Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Ásbrú, sem við tókum þátt í að stofna. Ásamt Gunnari Sveinssyni fyrrverandi kaupfélagsstjóra stofnuðum við styrktarsjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja með samantlagt 10 milljón kr. framlagi. Þá hefur félagið styrkt ýmis líknarfélög og æskulýðsstarf. Það er ánægjulegt hve mjög félagsmönnum KSK hefur fjölgað sl. 10 ár. Þeir eru í dag rúmlega 5.000 talsins. Við tókum þá ákvörðun árið 2013 að stækka félagssvæði KSK, sem áður náði aðeins til Suðurnesja, Hafnarfjarðar og Álftaness en nú er allt stór Reykjavíkursvæðið hluti af félagssvæðinu. Megin fjölgunin hefur samt orðið hér suður með sjó. Ávinningurinn fyrir félagsmenn í okkar samvinnufélagi er tvímælalaus. Félaginn nýtur trygðarkjara, er jafnframt eigandi samvinnufélagsins, sem er þátttökufélag, og getur haft áhrif á framvindu þess og stjórnun og fengið hlutdeild í árangri í samræmi við þátttöku. Á síðasta ári námu afslættir sem Samkaup greiddi til félagsmanna í verslunum um allt land alls 243 milljónum króna. Samkaup hf hafa frá fyrsta degi skilað eigendum sínum og samfélaginu þó nokkrum ábata sem við eigum að vera stolt af. Verslunum Samkaupa hefur farið fjölgandi úti á landi. Í nokkrum tilvikum hafa heimamenn farið þess á leit við Samkaup að við tækjum yfir verslunarreksturinn til að skapa tryggja fram-tíðarþjónustu í viðkomandi byggðarlagi. Þannig er það áhugavert að megintekjur Samkaupa,



dótturfélags KSK sem á 62% í félaginu, koma ekki lengur af Suðurnesjum heldur annarsstaðar af landinu. Stefnan er og hefur þó verið að halda höfuðstöðvum Samkaupa hér í Reykjanesbæ þar sem rætur kaupfélagsins eru. Þrýst hefur verið á okkur að flytja til Reykjavíkur en við teljum mikilvægt fyrir svæðið að höfuðstöðvarnar séu hér og skapi hér atvinnu. Á vegum félagsins eru tæplega um 150 störf á Suðurnesjum en alls starfa um 900 manns hjá Samkaupum.

Spennandi þróun

Eftir stefnumörkunina 2012 sem minnst var á hér í byrjun ákváðum við að sækja um aðild að Euro Coop, regnhlífarsamtökum samvinnufélaga í 19 Evrópulöndum. Við eigum sæti í stjórn samtakanna og það er spennandi þróun í gangi í samvinnustarfi í heiminum og virðing borin fyrir samvinnustarfinu. Það er eftirsóknarvert fyrir okkur að rækta það samstarf áfram. Þar skapast áhugaverð tengsl og möguleikar fyrir okkur að rækta og byggja upp samvinnustarf og efla viðskiptatækifærin,“ segir Skúli að lokum.

Hef alltaf starfað með afbragðsfólki

Sólveig Einarsdóttir hefur unnið hjá Kaupfélagi Suðurnesja í 40 ár, lengst allra sem þar starfa í dag. Hún var 22 ára gömul þegar hún hóf störf hjá KSK 11. maí 1975. Áður hafði hún starfað hjá Efnalaug Suðurnesja en hætti þar þegar eigandinn seldi efnalaugin. Þá fór hún að vinna í Friðjónskjöri í Njarðvíkum, betur þekkt hér áður fyrr sem Fiabúð. Friðjón Jónsson rak þessa verslun þar sem Kostur er núna til húsa. Fiabúð var lengi vel eina búðin í Njarðvíkum. Margir minnst Friðjóns kaupmanns sem var sívinnandi og sást sjaldan öðruvísi en í hvíta sloppnum. Í Fiabúð vann Sólveig í tvö ár og meðal samstarfsmanna hennar var góðkunnur Siglfríðingur, Skjöldur Þorláksson. Skjöldur réð sig síðan til Kaupfélagsins í Njarðvíkum og fékk Sólveigu til að koma þangað í afleysingar en Kaupfélagið var þá til húsa þar sem útibú Sparisjóðsins í Keflavík var síðar.

Farsæll vinnustaður

Forsagan að umsvifum KSK í Njarðvíkum er sú að kaupfélagið Bjarmi hafði opnað verslun í Njarðvíkum 1960 með mjólkur- og fiskbúð auk góðrar kæli- og frystiaðstöðu á þeirra tíma mælikvarða. Árið eftir sameinaðist Bjarmi Kaupfélagi Suðurnesja sem þá var í örum vexti undir stjórn Gunnars Sveinssonar. Nauðsynlegt þótti að KSK ræki verslun í Njarðvíkum til að þjóna viðskiptavinum þar og sjá þeim fyrir sem bestri vöru á sem hagkvæmasta verði.

Sólveig á góðar minningar frá þessum farsæla vinnustað og segir að hann hafi verið eins og annað heimili hennar. Kaupfélagið í Njarðvíkum var lagt niður þegar Samkaup voru opnuð þann 18. nóvember 1982. Þá fór allt starfsfólk kaupfélagsins, sjö manns, yfir til Samkaupa og verslunin í Njarðvíkum var lögð niður.

Úr hverfakaupfélagi í stórmarkað

„Það voru mikil viðbrigði að fara úr hverfakaupfélagi í stórmarkaðinn,“ segir Sólveig. „Hraðinn var miklu meiri og allt stærra í sniðum. Skrifstofa KSK var þá í gamla kaupfélagshúsinu við Vatnesveg. Hingað í Krossmóa fluttum við í apríl 2009 tveimur árum eftir að bygging hússins hófst.

Eftir að ég byrjaði á skrifstofunni árið 1989 vann ég í fyrstu við símsvörun og jafnframt í daglegu söluuppgjöri sem var handfært á þeim tíma. Fyrr var þetta fámennur vinnustaður en núna erum við 26 manns. Við vorum áður sjö á skrifstofunni þegar ég byrjaði hér. Ég tók við innheimtunni þegar Skúli hætti um stundarsakir og hef verið í innheimtunni síðan.

Það sem stendur upp úr eftir allan þennan tíma hjá kaupfélaginu er að ég hef alltaf unnið með afbragðsfólki. Starfsandinn hefur alltaf verið góður og vinnustaðurinn frábær. Gunnar Sveinsson var kaupfélagsstjóri þegar ég byrjaði, afar alþýðlegur maður og mjög annt um hag kaupfélagsins og velferð starfsfólksins. Guðjón Stefánsson tók við sem kaupfélagsstjóri 1988 og við höfum því verið samferða miklu lengur og ég kynntist honum betur



Sólveig Einarsdóttir er Keflvíkingur, fædd 1952. Foreldrar hennar eru þau Einar Ingólfs-son úr Leirunni, en hann lést árið 2007, og Ingibjörg Jónsdóttir. Sambýlismaður Sólveigar er Björn Albertsson og eiga þau einn son, Björn Björnsson, sem einnig vinnur á skrifstofu Samkaupa í innkaupadeildinni þar.

enda vann ég við hliðina á honum í fjölda ára. Allt hafa þetta verið miklir ágætismenn og gott að vinna hjá þeim. Sama má segja um framkvæmdastjórnara sem síðar komu, þá Sturlu Eðvarðsson og Ómar Valdimarsson.“

Allt stækkaði um helming


Nýi stórmarkaðurinn í Samkaupum var ein af stærstu og fjölbreyttustu verslunum landsins og eðlilegt framhald af fyrri áformum kaupfélagsins til bættrar verslunarþjónustu. Í kjölfarið gat verslunin boðið viðskiptavinum marga vöruflokka sem ekki var pláss fyrir í eldri búðinni. Vöruútvalið stórkjóst og Suðurnesjamönnum var þannig gert auðvelt að gera stórinna kaup sín á einum stað og öll starfs- og vinnuáðstaða var stórbætt. Nýr verslunarstjóri stórmarkaðarins var Kristján Hansson sem hafði langa verslunarreynslu að baki.

„Það var gríðarlegt framfaraspor og mjög minnisstætt þegar við fluttum inn í Samkaup,“ segir Sólveig. „Hann var fyrsti stórmarkaðurinn á Suðurnesjum, stórt og völdugt batterí. Í Samkaupum byrjaði ég í kjótbörðinu við afgreiðslu og fór síðan í innkaup. Árið 2001 sameinuðumst við verslunarrekstri KEA og það var líka mjög stórt skref - allt stækkaði um helming. Þetta hefur verið farsæll tími – ég hef starfað með miklum fjölda fólks, en margir af gömlu starfsmönnum eru farnir yfir móðuna miklu. Ég minnst t.d. gamalla vina sem eru horfnir á braut, Skjaldar Þorlákssonar, Þórðar Guðmundssonar, Esterar Ólafsdóttir, Guðrúnar Hjörleifsdóttur og Guðbjargar Sigurjónsdóttur svo fáeinir séu nefndir. Alls þessa samstarfsfólks minnist ég með hlýju og þakklæti fyrir samveruna.“



félaganna og grunnur lagður að farsælum rekstri. Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 2012 Samvinnuhreyfingunni í heiminum. Stjórn KSK samþykkir að ráða Guðfinnu Bjarnadóttir og Vilhjálm Kristjánsson hjá LC ráðgjöf til samstarfs um mótun framtíðarstefnu félagsins.

Á aðalfundi KSK 31. maí 2012 var samþykkt að stækka félagssvæðið og bæta við Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Íbúar þessara sveitarfélaga geta því gerst félagar í KSK og notið sömu tryggðarkjara og aðrir félagsmenn.



Árið 2013

Nettó verslun var opnuð á Granda í Reykjavík.

Ný stefnumörkun fyrir tímabilið 2013-2018 samþykkt. Gildi KSK eru samvinna, traust og samfélagsleg ábyrgð. Meginhlutverk KSK er að þjónusta félagsmenn, vera dótturfélagum öflugur bakhjarl og vera til fyrirmyndar í samfélagslegri ábyrgð. Ný heimasíða, KSK.is, fer í loftið.

KSK gengur í EuroCoop sem eru regnhlífarsamtök samvinnufyrirtækja í 19 löndum Evrópu og fulltrúar 30 milljón Evrópubúa.



Árið 2014

Um vorið keyptu Samkaup rekstur Ellos vörulistas á Íslandi og bjuggu sig undir að hefja netverslun með fatnað. Á haustmánuðum var eignarhluti Samkaupa í Búri seldur og innleystu Samkaup mikinn söluhagnað og treystu þannig verulega fjárhag félagsins. Um haustið seldu Samkaup



rekstur verslunarinnar á Borgarfirði
eystra og keyptu heimamenn þann
rekstur.
Hagnaður er á rekstri samstæðu KSK á
árinu. Afslættir til félagsmanna voru
alls 243 milljónir.

Árið 2015

Á vormánuðum var rekstri Nettó í
Hverafold og Strax á Bifröst hætt.
Strax verslun við Búðakór í Kópavogi
var breytt í Nettó í júní. Í ágúst opnuðu
Samkaup nýja og endurbætta net-
verslun með fatnað og heimilisvörur á
Ellos.is og var það gert í samstarfi við
Ellos í Svíþjóð. Samkaup stíga þar sín
fyrstu skref í netverslun.
Ómar Valdimarsson lætur af störfum
sem kaupfélagsstjóri á aðalfundi
félagsins í mars 2015 eftir 5 ára starf.
Hann mun áfram stýra Samkaupum.



Skúli Skúlason
yfirtekur skyldur
kaupfélags-
sjóra samhlíða
formennsku í
félaginu.
KSK fagnar

Skúli Þ. Skúlason 70 ára afmæli
á árinu en félagið er stofnað 13.
ágúst 1945. Haldin var ráðstefna í
Hljómahöll í samstarfi við Miðstöð
Símenntunar um „Líkamsfrelsi“, alls
mættu 180 manns.
Veglegt afmælistilboð og afmælis-
leikur fyrir félagsmenn á Suðurnesjum
í tilefni afmælisins.
Félagsmenn KSK eru í dag 5105
talsins.



Nokkrar af þeim verslunum sem hafa bæst við hjá Samkaupum á síðustu 10 árum



Nettó Granda



Búðarkór Nettó



Búðardalur Samkaup Strax



Krumbúðin Skólavörðustíg



Neskaupsstaður Samkaup Úrval



Nettó á Egilsstöðum



Eskifjörður Samkaup Strax



Laugarvatn Samkaup Strax



Þórshöfn Samkaup Strax



netto
Kræsingar & kostakjör

**BETRI
NÆRING
ÆVILANGT**

**THE
FOOD
DOCTOR**

**MIKKIÐ
ÚRVAL
AF VÖRUM**

**„Heilnæmir valkostir
í amstri dagsins!“**

Langar þig eitthvað syndsamlega ljúffengt til að gripa í?
Veldu heilnæma snarlið frá Food Doctor og njóttu nærandi bita
með skínandi hreinni samvisku.

100% náttúrulegt

Hátt prótein-
hlutfall

Fullt af
trefjum

Náttúrulega
næringarrikt

Hentar græn-
metisættum
og végan*

*Að undanskildu Mild Korma snakki
sem inniheldur mjólkurprótein og hentar ekki végan

www.netto.is


| Mjódd - Grandi - Salavegur - Búðakór - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir - Selfoss |

ellos

Ný netverslun - frábært úrval!

PANTAÐU Á ELLOS.IS

VERSLANIR UM ALLT LAND



nettó

Samkaup

úrval

Samkaup

strax

